



## Yfirlýsing um samstarf

Landspítali – háskólasjúkrahús (LSH) telur það skyldu sína að rækta samband við almenning og eiga samvinnu og samráð við hagsmunasamtök sjúklinga.

Í samstarfshópi félaga taugasjúklinga eru eftirtalin félög:

- Félag MND - sjúklinga,
- MG - félag Íslands,
- MS – félag Íslands,
- Heilaheill,
- LAUF – samtök flogaveikra,
- Parkinsonssamtökin á Íslandi.

Sameiginlega lýsa þessir aðilar yfir vilja sínum til að eiga samstarf með skipulegum hætti um mál sem varða skjólstæðinga félaganna og tengjast spítalanum.

### Fræðsla og kynning

Aðilar eru sammála um að vinna að eftirfarandi:


- Að fræða almenning og sjúklinga um viðkomandi sjúkdóma og einkenni þeirra sem víðast til að vinna gegn fordómum.
- Að koma á reglulegum samráðsfundum stjórnenda og starfsmanna LSH annars vegar og fulltrúa félaganna hins vegar til að greiða fyrir frekara samstarfi sem ákveðið verður.
- Að fundir fulltrúa félaganna og stjórnenda/starfsmanna taugalækningadeildar, lyflækningasviðs I, endurhæfingarsviðs og annarra tengdra þjónustueininga verði tvisvar á ári, haust og vor, og eftir nánara samkomulagi.
- Að fundur fulltrúa félaganna og yfirstjórnar LSH verði einu sinni á ári og oftar ef þurfa þykir, í kjölfar funda með áður nefndum aðilum.

## Önnur atriði

Auk ofangreinds samstarfs eru aðilar reiðubúnir til að ræða og fjalla um önnur mál sem varða taugasjúklinga sérstaklega.


Reykjavík, 20. desember 2005

F.h. Landspítala – háskólasjúkrahúss




Magnús Pétursson, forstjóri


F.h. félags MND-sjúklinga




F.h. MG – félags Íslands




F.h. MS – félags Íslands




F.h. Heilaheilla





F.h. LAUF – samtaka flogaveikra





F.h. Parkinsonssamtakanna á Íslandi














Vottur að réttu undirskrift og dagsetningu,



Jón Kristjánsson, heilbrigðis-og tryggingamálaráðherra

